



Fálkar

Í leikskólanum eru Fálkarnir hópur elstu barna sem takast á við verkefni sem reyna bæði á andlega og líkamlega færni þeirra. Hugað er að hverju barni fyrir sig og unnið með styrkleika hvers og eins í samræmi við námskrá og áherslur leikskólans auk þess sem samstaða innan hópsins er elfd enn frekar. Við vinnum að því að gera börnin sjálfstæðari í daglegu lífi, efla tilfinninga- og félagsþroska þeirra auk þess að vinna að styrkum stoðum sem styðja við áframhaldandi nám þeirra.

Í Fálkahópnum leggjum við áherslu á hópefli, útikennslu og vettvangsferðir. Í vettvangsferðunum er nágreni Grunnskólans í Borgarnesi í brennidepli svo þau séu örugg á því svæði þegar í grunnskólann er komið en auk þess er farið á fleiri staði, s.s. á söfn, í sveitina, upp í Einkunnir, vinnustaðir heimsóttir og fleira sem okkur dettur í hug hverju sinni. Við nýtum þann efnivið sem við finnum í náttúrunni til náms og markmið útikennslu eru höfð að leiðarljósi.

Í leikskólanum eru unnin verkefni í umhverfi Uglukletts og er þá skólabyggingin nýtt til fjölbreyttra viðfangsefna til að auka færni barnanna og byggja upp þekkingu sem nýtist í

byrjun skólagöngu. Einnig eru áherslur hins daglega lífs í leikskólanum nýttar til þess að undirbúa börnin betur undir komandi skólagöngu í grunnskóla.

Útskriftaferðinni er þannig háttað að börnin sem útskrifast bjóða foreldrum sínum með í ferðalag. Gengið hefur verið upp á Grábrók og Paradísarlaut heimsótt. Í ferðinni eru unnin verkefni sem reyna á samvinnu allra í hópnum, bæði barna og foreldra. Þegar heim í leikskólann er komið eru nemendurnir útskrifaðir, þeir fá möppu með verkefnum og myndum frá vetrinum auk þess að fá Fálkaorðu í tilefni útskriftarinnar.